



Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 14. desember 2007

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um drög að stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni.

Skógrækt ríkisins fagnar þessu framtaki. Þetta er stórt skref fram á veginn varðandi vernd og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi.

Skógrækt ríkisins leggur til að nokkrar breytingar veriði gerðar á stefnumörkuninni. Þær helgast af þremur meginatriðum: 1) Vegna hnattstöðu, jarðsögulegra þátta og nýtingarsögu eftir landnám ríkir hér líffræðileg fábreytni, 2) lífríki Íslands hefur orðið fyrir mjög miklum breytingum af mannavöldum og er því ekki í „upprunalegu“, hvað þá „ósnortnu“ ástandi og 3) í samningnum um líffræðilega fjölbreytni er lögð áhersla á að koma í veg fyrir rýrnun á líffræðilegri fjölbreytni og efla hana þar sem við á en hvergi talað um að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni í rýru ástandi, hvað þá þegar það ástand stafar að verulegu leyti af ósjálfbærri nýtingu.

Samantekt (bls.5)

Í punktinum í samantektinni á bls.5 um ágengar framandi tegundir er tekið fram að samráð skuli eftt um aðferðafræði á sviði landgræðslu og skógræktar. Þær ágengu framandi tegundir sem mest áhrif hafa haft á líffræðilega fjölbreytni hér á landi tengjast þó miklu frekar hefðbundnum landbúnaði. Þá er mun meiri hættu á að skaðlegar tegundir flytjist til landsins í tengslum við garðrækt og almennan innflutning á ýmsum varningi frekar en í tengslum við landgræðslu og skógrækt, þar sem innflutningur er vel skráður og ekki er lengur áhersla á að finna nýjar tegundir. Lagt er til að samráð um aðferðafræði verði einnig eftt við hefðbundnar landbúnaðargreinar, garðyrkju og þá aðila sem hafa eftirlit með innflutningi af öllu tagi. **Var breytt**

Í næsta punkti um endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni er einnig fjallað sérstaklega um uppgæðslu og skógrækt og í þeim tón að þær framkvæmdir, sem einmitt miða að endurheimt, geti verið varhugaverðar án þess að það sé rökstutt. Lagt er til að hér verði einnig nefndur þáttur beitarstjórnunar og beitarfriðunar í endurheimt þurrlendisvistkerfa, fjallað verði um endurheimt á frjósemi fersksvatnsvistkerfa með skógrækt við ár og læki og síðast en ekki síst um það mikilvægasta, sem er endurheimt grunnsævisvitkerfa þar sem togveiðar hafa straujað sjávarbotninn og gert hann að eyðimörk. **Var breytt**

1.5 Rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni (bls. 8)

Í lok 2. mgr. þessa kafla eru nokkur atriði nefnd sem líkleg eru til að hafa mest áhrif á líffræðilega fjölbreytni landsins næstu áratugi. Hér gleymdist að land vort hálf er hafið. Nefna ætti fiskveiðar, veiðiaðferðir og hugsanlegar breytingar á hafstraumum ekki síður en breytingar á landnýtingu samfara hlynandi loftslagi. **Ekki tekið inn**

2.2.1. Þurrlendi (bls. 13)

Hér eru spendýr talin upp og þar nefndur til sögunnar „fjallrefurinn“. Þetta dýr heitir refur eða tófa (eða melrakki, lágfóta...) á íslensku, eða heimskautarefur ef menn vilja endilega greina hann nánar. Óþarfi er að taka upp norska nafnið á þessu dýri. **Var breytt**



2.2.2. Ferskvatn (bls. 13-14)

Færð hafa verið rök fyrir því að ferskvatnsvistkerfi á Íslandi séu í rýru ástandi af því að landið umhverfis er gróðurryrt. Skógrækt við læki, ár og vötn er líkleg til að endurheimta þá frjósemi ferskvatns sem hér var við landnám og stuðla að stærrri og traustari stofnum ferskvatnslífvera. Hér mætti því nefna tengsl ferskvatnsvistkerfa við ástand og frjósemi landsins umhverfis þau. **Ekki tekið inn**

2.3. Búseta (bls. 15)

Það er ekki rétt að lög um landshlutaverkefni í skógrækt geri ráð fyrir að skógarþekja á láglandi fjórfaldist á næstu fjórum áratugum eins og kemur fram á bls 15. Skógarþekja (allur skógur og kjarr) fyrir tilkomu landshlutaverkefnanna var 1,3% miðað við landið allt, eða um 3% af láglandi (og sú þekja er nánast öll á láglandi). Markmiðið er að rækta skóg á 5% láglandis á vegum verkefnanna. $3 + 5 = 8$ og 8% er ekki fjórfalt meira en 3%. Þá var markmiðið um 4 áratugi fellt niður við endurskoðun laganna um landshlutaverkefnin árið 2006. Markmiðið um 5% þekju er því ótímabundið. Auk þess eru verkefni verulega á eftir upphaflegri áætlun með að ná þessum markmiðum því fjárlög hafa ekki verið í samræmi við markmiðin. Raunhæft er að ætla að landshlutaverkefnin nái aðeins að tvöfalda skógarþekju á láglandi fram á seinni helming aldarinnar. Lagt er til að textinn verði leiðréttur í samræmi við það, eitthvað á þessa leið:

*Samþykkt hafa verið lög um landshlutaverkefni í skógrækt sem ætla má að leiði til tvöföldunar skógarþekju á láglandi á komandi áratugum. **Var breytt***

Seinasta setning málgreinarinnar (þegar um svo umfangsmiklar skógræktarframkvæmdir...) er þó áfram í fullu gildi því það er sjálfsagt að skógræktaraðilar hugi að áhrifunum skógræktar á líffræðilega fjölbreytni og reyni að tryggja að þau verði jákvæð frekar en neikvæð. Hitt er svo annað mál að sömu kröfu mætti gera til hefðbundinna landbúnaðargreina, byggðapróunar, ferðaþjónustu, iðnaðar og fiskveiða. Annars er þetta í kaflanum um lífríki Íslands og hugsanlegt að svona varnaðarorð eigi frekar heima á öðrum stað í áætluninni. **Var breytt**

2.4 Erfðaauðlindir landbúnaðarins og nýting þeirra (bls. 15-16)

Lagt er til að eftirfarandi málgrein verði bætt við þennan kafla.

*Mikilvægt er að þær trjátegundir sem mest eru notaðar í skógrækt séu vel aðlagaðar og uppfylli þær vaxtarkröfur sem markmið með ræktun þeirra gera. Í þágu skógræktar er unnið að skráningu, varðveislu, úrvali og kynbótum á bæði innlendum og innfluttum trjátegundum. Einnig er mikilvægt að efla þekkingu á erfðaauðlindum í íslenskri skógrækt og varðveita þær erfðalindir í skógum og skógarlundum víða um land. Á þetta við um a.m.k. tvær innlendar trjátegundirnar og a.m.k. 10 innfluttar tegundir. **Var breytt***

2.5 Þekkingargloppur (bls. 16)

Í annarri mgr. Kemur fram að flokkunarfræði sé sú fræðigrein sem fáið við skráningu lífríkisins. Hið rétta er að hún fæst við skráningu lífvera, einkum tegunda. Hún fæst hvorki við skráningu vistkerfa né erfðapátta, sem hvort tveggja teljast með í umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni. Flokkunarfræðingum er hér gert nokkuð hátt undir höfði miðað við vistfræðinga og erfðafræðinga. Það er þörf á aukinni þekkingu á öllum þessum sviðum, ekki síst erfðafræði, sem enga umfjöllun fær í þessum kafla.

Sem dæmi má nefna að vísbendingar eru um að vandamál í sambandi við stjórnun þorskveiða tengist erfðafræði þorsksins og því vali sem á sér stað þegar tilteknum aðferðum er beitt við fiskveiðar. Aukin þekking á þessu sviði gæti haft grundvallarþýðingu varðandi sjálfbærar fiskveiðar. Sama gildir um aðrar fisktegundir og ýmsar aðrar tegundir sem eru nytjaðar, svo sem lunda, rjúpu og birki, svo ekki sé talað um húsdýr og nytjaplöntur. Lagt er til að málgrein verði



bætt við þar sem fjallað er um stöðu þekkingar á sviði erfðafræðilegrar fjölbreytni. **Var breytt**

3.2 Ósjálfbærar nytjar (bls. 17)

Í fyrstu mgr. Kemur fram að *sauðfé hafi fækkað mikið á undanförunum áratugum*. Þetta hefur verið staðhæft síðan um 1990 (þegar það var rétt) og menn hafa ekki haft fyrir því að breyta orðalagi síðan. Hið rétta er, skv. Hagtölum Landbúnaðarins, að sauðfé fækkaði um helming á árunum 1975 til 1992 en fjöldinn hefur verið svipaður síðan. Fimtán ár eru nógu langur tími til að eðlilegt sé að hætta að tala um fækkun undanfarna áratugi. Frekar ætti að segja að fjöldi sauðfjár hafi verið svipaður undanfarin 15 ár. **Var breytt**

Umfjöllunin um ósjálfbærni í fiskveiðum er virðingaverð.

3.3 Eyðing og rýrnun búsvæða (bls. 17-18)

Gleymst hefur að nefna jarðvegsrof í þessum kafla, en það hefur hugsanlega haft eyðingu og rýrnun búsvæða í för með sér, jafn vel meiri rýrnun en þverun fjarða eða röskun skóga vegna frístundabyggðar. **Var breytt**

Hnignun votlendis er hér talin hafa átt *mikinn þátt* í að keldusvínið dó út sem varpflug á Íslandi. Lítil rök styðja þessa fullyrðingu og því er lagt til að hún verði felld niður. **Var breytt ein ástæða í stað mikinn þátt**

3.5. Ágengar framandi tegundir (bls. 18-19)

Hér kemur fram að minkurinn hafi *átt þátt* í útdauða keldusvínsins. Á bak við þessa fullyrðingu eru ekki heldur mikil rök. Hvort var það; framræsla eða minkurinn? Ef lúpínan sáði sér inni mýrar væri henni eflaust líka kennt um útdauða keldusvínsins. Staðreyndin er að við vitum ekki af hverju keldusvínið dó út og því er óviðeigandi að kenna einu eða öðru um bara af því okkur líkar það ekki. Einu sögusagnir sem við höfum um útrýmingu keldusvíns er að heimilisköttur á bæ einum í Alftaveri hafi verið duglegur að veiða þau. **Var breytt**

Í þessari áætlun þarf að hafna öllum hjávísindum og getgátum og halda sig við það sem er byggt á rökum og helst vísindalegri þekkingu. Hér á ekki að velta vöngum yfir tilteknum tegundum (mink, lúpínu skógarkerfli eða kanínu) sem hugsanlega eru eða hugsanlega gætu orðið ágengar samkvæmt skoðunum einhvers. Frekar ætti að leggja áherslu á að þróa mælikvarða sem nota mætti til að ákvarða hvort tegund sé ágeng miðað við forsendur samningsins um líffræðilega fjölbreytni (þ.e. að þær rýri líffræðilega fjölbreytni) en ekki bara af því einhverjum finnst það. Þetta hefur í för með sér að mæla raunveruleg áhrif þeirra tegunda á lífríkið sem þykja líklegar til að geta flokkast sem ágengar. **Ekki tekið tillit til, ekkert um ransóknir bara efla fræðslu, en um hvað á að fræða ef ekki liggur fyrir þekking?**

5. Markmið og leiðir (bls. 22)

Breyta þarf orðalagi í meginmarkmiði, því eins og nefnt var áður getur það ekki verið markmið með þessari áætlun að *varðveita* niðurlæginguna, þ.e. þá hnygnun á lífríkinu sem hér hefur almennt átt sér stað með ósjálfbærri nýtingu. Í stað orðsins *varðveita* er lagt til að komi orðin *vernda og efla*. Það orðalag er í samræmi við Rio sáttmálan. **Var breytt**

5.3 Að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni með neti verndarsvæða (bls.22)

Aðgerðir:

Lagt er til að nýjum punkti verði bætt við:

- Skilgreind verði erfðafriðlönd fyrir helstu trjátegundir og þau friðuð með setningu sérstakra reglna um meðferð þeirra.



Víða um heim er verið að stofna til slíkra svæða þar sem reglur kveða á um meðferð og nýtingu sem verndar og eflir erfðafræðilega fjölbreytni og aðlögun trjáanna til langs tíma þannig að eðlileg þróun og aðlögun eigi sér stað. **Ekki tekið inn**

5.5 Að endurheimta náttúruleg vistkerfi og tegundir

Aðgerðir:

Lagt er til að hætt verði við tilraunir við endurheimt keldusvínsins þar til þekkt er hvað olli útrýmingu þess.

Lagt er til að eftirfarandi þrem punktum verði bætt við:

- Vinna áætlanir um endurheimt frjósemi ferskvatnsvistkerfa með skógrækt við ár og læki.
- Vinna að endurheimt víðitúndru hálendisins með aukinni beitarstýringu og beitarfriðun og virkum uppgræðsluáðgerðum.
- Stuðla að endurheimt á framleiðni vistkerfa með tegundum sem auka frjósemi og skjól.

Með síðasa punktinum er einkum átt við skógrækt sem byggir upp viskerfisvirkni óháð því hvaða trjátegundir eru notaðar. Rannsóknir hafa staðfest að marktæk fylgni er milli framleiðni og líffræðilegrar fjölbreytni. **Tekið inn almennt**

5.7 Að takmarka dreifingu ágengra framandi tegunda

Aðgerðir:

Miðað við þær aðgerðir sem lagt er til er búið að ákveða að vandinn liggja ánnars vegar á sviði landgræðslu og skógræktar og hins vegar í sambandi við kjölfestuvatn í skipum. Hvernig var það ákveðið? Eru virkilega engar ágengar framandi tegundir í hefðbundnum landbúnaði eða garðyrkju sem vert er að gefa gaum? Er eftirlit með almennum innflutningi virkilega svo gott að ekki sé ástæða til að óttast að einhver kvikindi berist til landsins þá leiðina?

Hér er ákveðið hvað skuli gera í málinu (endurskoða lög og reglugerðir) og hvaða tegundir séu hættulegastar (landgræðsla, skógrækt, kvikindi í kjölfestuvatni) en hvergi gert ráð fyrir að athuga hvort þetta sé yfir höfuð vandamál. Þetta er öfugsnúið. Lagt er til að frekar verði farið í aðgerðir til að komast að því hvort ágengar framandi tegundir séu yfirleitt vandamál héraendis miðað við forsendur samningsins um líffræðilega fjölbreytni, síðan hvaða tegundir það séu og loks hvað skuli gera í málunum.

Ennfremur er lagt til að þessi atriði verði endurskoðuð af einhverjum sem ekki er með fordóma í garð skógræktar. Það skal endurtekið að skógræktaraðilar skorast ekki undan að bera þá ábyrgð sem snýr að þeim, en sjá hins vegar enga ástæðu til að þola einelti. Þessi framsetning óbreytt mun fara fyrir brjóstið á mörgu skógræktarfólki og rýra gildi stefnumótunarinnar allrar í hugum þeirra. **Var breytt**

5.8 Að vernda og nýta erfðabreytileika og erfðalindir

Aðgerðir:

Bæta *kvæmi trjáa* inn í fyrsta punkt.

Bæta *erfðafriðlöndum* í lok annars punkts. **Var gert**

5.10 Að efla menntun og almannafræðslu

Aðgerðir:

Lagt er til að bæta eftirfarandi punkti við:

- Efla fræðslu til almennings um líffræðilega fjölbreytni í þjóðgörðum, þjóðskógum og öðrum verndarsvæðum, með útgáfu og leiðsögn. **Var gert**

Virðingarfyllst f.h. Skógræktar ríkisins



Pröstur Eysteinnsson
sviðsstjóri þjóðskóganna
Skógrækt ríkisins